

Meðhöndlun á lífrænum úrgangi og leifum

– Verkefni Umhverfisgæðahóps Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga veturinn 2014-2015



Efnisyfirlit

1. MEÐHÖNDLUN Á LÍFRÆNUM ÚRGANGI OG LEIFUM.	3
2. MEÐHÖNDLUN EFTIR HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐUM	4
Reykjavík.....	4
Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði	5
Kjósarsvæði.....	5
Norðurland Vestra	6
Norðurland eystra.....	6
Austurland.....	7
Suðurnes.....	8
Vestfirðir.....	9
Vesturland og Suðurland	9
3. UMFJÖLLUN	10
4. VIÐAUKI I: LÖGGJÖF UM LÍFRÆNAN ÚRGANG:	11
Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.....	11
Reglugerð nr. 737 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.:	12
5. VIÐAUKI II: DÆMI UM NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNARINNAR	13
Austurland.....	13
Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður.	14
Norðurland Vestra	14

1. Meðhöndlun á lífrænum úrgangi og leifum.

Markmið verkefnisins var að fá yfirsýn yfir meðhöndlun á lífrænum úrgangi og leifum sem og skyldum úrgangi eftir mismunandi heilbrigðiseftirlitssvæðum á landinu. T.d. að skoða hvort flokkun færi fram þar sem lífrænum úrgangi er safnað sérstaklega, skoða hvort sérstök söfnun væri á dýrahraejum og úrgangi frá heimslátrun og hvort farvegir væru til staðar í sveitarfélaginu eða á svæðinu til að taka við/meðhöndla lífrænan úrgang.

Verkefnið og niðurstöður þess nýtast sem stjórnþæki fyrir yfirvöld vegna laga og reglugerðarsetningar, og gefur aukna yfirsýn yfir meðhöndlun úrgangs á heilbrigðiseftirlitssvæðum:

Lagt var upp með 7 spurningar sem voru eftirfarandi:

1. Er lífrænum heimilisérgangi safnað sérstaklega einhversstaðar á svæðinu?
 - a. Listið sorpsamlög/sveitarfélög sem eru með slíka söfnun. (tilvísun reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs)
2. Er sérstök söfnun á dýrahraejum og úrgangi frá heimaslátrun?
 - a. Gerið grein fyrir fyrirkomulagi
3. Er sérstök söfnun á seyru úr rotþrómm á svæðinu?
 - a. Hver er meðhöndlunin á því sem safnað er? (tilvísun í reglugerð 799/1999 um meðhöndlun seyru)
4. Er urðunarstaður á svæðinu sem tekur/taka við lífrænum úrgangi
 - a. Listið staði og umfang
5. Er moltugerð á svæðinu
 - a. Listið staði og umfang
6. Er önnur endurnýting fyrir lífrænan úrgang til staðar
 - a. Listið staði og umfang
7. eru dæmi um ólöglega meðferð lífræns úrgangs (s.s. seyru, smitandi dýrahrae) sem þarf sérstaklega að skoða?

Verkefnið var unnið af Umhverfisgæðahópi Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga veturinn 2014-2015. Svör bárust frá 8 af 10 svæðum. Niðurstöður eru birtar með fyrirvara um að á einhverjum stöðum gæti fyrirkomulag á meðhöndlun lífræns úrgangs hafa breyst síðan upplýsingum var safnað.

2. Meðhöndlun eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum

Reykjavík

Lífrænum úrgangi er ekki safnað sérstaklega af hálfu sorpsamlaga/sveitarfélaga en hins vegar bjóða tvö einkafyrirtæki upp slíka söfnun frá fyrirtækjum. Einn urðunarstaður, urðunarstaður SORPU í Álfsnesi, þjónar svæðinu. Urðunarstaður Sorpu í Álfsnesi tekur á móti böggðuðum blönduðum heimilisúrgangi til urðunar. Þar af er 70% lífrænn heimilisúrgangur að umfangi 63 þúsund tonn árið 2013. Einnig er tekið við lífrænum úrgangi beint til urðunar sem var að umfangi 12 þúsund tonn árið 2013. Þessi úrgangur kemur frá 6 aðildarsveitafélögum Sorpu og 11 sveitafélögum á Suðurlandi. Einnig er tekið við trjágreinum til endurnýtingar að umfangi 5 þúsund tonn.

Engin sérstök söfnun er á dýrahæjum og úrgangi frá heimaslátrun, ekki er vitað um umfang á slíkum úrgangi á svæðinu en leiða má líkum að því að þessi úrgangur fari einnig á urðunarstað SORPU.

Seyra úr rotþróum sem Orkuveita Reykjavíkur þjónustar er dælt upp í dælubíl og flutt að skólphreinsistöð Orkuveitu Reykjavíkur í Klettagörðum 14. Þar er seyran losuð í ákveðinn brunn við stöðina og seyra fer beint inn í skólphreinsistöð. Móttaka á grávatni/seyru frá skipum er einnig í skólphreinsistöð Orkuveitu Reykjavíkur í Kletthálsi 14. Seyru úr rotþróum sem Orkuveita Reykjavíkur. Ekki er ljóst hvert önnur Seyra úr öðrum rótþróum í borginni fer en skv. eigendasamkomulagi aðildarsveitarfélags SORPU þá er ekki tekið við ómeðhöndlaðri seyru þar.

Aðeins tveir staðir hafa starfsleyfi til að taka á móti seyru þ.e. skólphreinsistöðvar Orkuveitu Reykjavíkur og urðunarstaður Sorpu. Urðunarstaður hefur hætt móttöku á seyru og skólphreinsistöðvar taka aðeins við hluta seyru sem fellur til á svæðinu.

Moltugerð er á tveimur stöðum í Reykjavík, annars vegar hjá íslenska gámafélaginu við Gufunesveg og hinsvegar hjá SORPU í Álfsnesi. Önnur endurnýting er starfrækt annars vegar hjá Lífdísil ehaf og hinsvegar Íslenska Gámafélaginu við Gufunesveg en báðir þessir staðir endurvinnu matarolíu í lífdísil. Framleiðslan getur orðið allt að 750 þúsund lítrar á ári m.v. fulla framleiðslu.

Ekki eru til mörg dæmi um ólöglega meðferð lífræns úrgangs (s.s. seyru, smitandi dýrahæ) en til eru dæmi þess að dælubílar hafi losað í skólþrunna út í götu í stað þess að fara með úrganginn á móttökustöð.

Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði

Engin söfnun er á lífrænum heimilsúrgangi í sveitarfélögunum, þá er engin sérstök söfnun á dýrahæjum og úrgangi frá heimaslátrun, né sérstök söfnun á seyru af hálfu sveitarfélaganna. Einkafyriræki eru þó á svæðinu sem bjóða fyrirtækjum upp á söfnun á lífrænum úrgangi og losun rotþróa.

Enginn urðunarstaður er í sveitarfélögunum en sveitarfélögin eru aðilar að byggðasamlaginu SORPU sem rekur urðunarstað í Álfsnesi.

Moltugerð fer fram hjá Garðabæ, sem framleiðir moltu úr garðaúrgangi úr bæjarlandinu og Gámaþjónustan í Hafnarfirði hefur heimild to að framleiða allt að 4000 tonn af moltu á ári. Engin önnur endurnýting fyrir lífrænan úrgang er til staðar í sveitarfélögunum svo vitað sé.

Heilbrigðiseftirlitið hefur heldur ekki orðið vart við ólöglega meðhöndlun á lífrænum úrgangi á svæðinu.

Kjósarsvæði

Einn urðunarstaður, urðunarstaður SORPU í Álfsnesi, er á svæðinu sem þjónar öllum þremur sveitarfélögunum, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og Kjósarhreppi auk fleiri sveitarfélaga sem eru aðilar að SORPU.

Engin sérstök söfnun á lífrænum úrgangi fer fram á vegum sorpsamlaga/sveitarfélaga á svæðinu. Hægt er að kaupa þjónustu einkafyrirtækja til að fá sérstaka tunnu fyrir lífrænan úrgang.

Hægt er að fara með dýrahæ og úrgang frá heimaslátrun á urðunarstað SORPU í Álfsnesi en Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis hefur ekki nánari upplýsingar um fyrirkomulag söfnunar.

Engar rotþrær eru að telja á Seltjarnarnesi. Í Mosfellsbæ er seyru safnað annað hvert ár frá heilsárshúsum en sumarbústaðaeigendur og fyrirtæki sjá um sig sjálfir. Í Kjósarhreppi er losun 3ja hvert ár frá heilsárshúsum en sömuleiðis sjá sumarbústaðaeigendur og fyrirtæki um sig sjálf.

Eina skipulagða moltugerðin er á vegum Sorpu í Álfsnesi einnig stunda einkaaðilar (fyrirtæki) moltugerð. Ekki er þekkt önnur endurnýting á lífrænum úrgangi.

Dæmi um ólöglega meðferð á lífrænum úrgangi er t.d. að að hrossaskít sé ekið út án þess að dreift sé úr skítum eða fyrir losuninni liggi sérstök leyfi. Alifuglabú hafa nýtt sér að gefa einhverjum skít og fría sig ábyrgð af haughúsum, þessi skítur getur valdið ónæði í þéttbýli. Seyra fer meira og minna í löglegan farveg og ekki dæmi um annað þó verið geti að einstaka rotþró sé tæmd af eigendum sumarhúsa. Líklegt er að menn urði dýrahæ á landareignum sínum í einhverju mæli en fyrir því eru þó engar sannanir.

Norðurland Vestra

Á Norðurlandi Vestra fer ekki fram sérstök söfnun á lífrænum heimilisúrgangi nema í Skagafirði og Akrahreppi. Þar er einnig sérstök söfnun á dýrahæjum og sláturúrgangi. Flokka ehf um að safna slíkum úrgangi og þurfa bændur að láta vita fyrirfram ef þörf er á söfnun á sláturúrgangi eða dýrahæjum.

Sérstök söfnun á Seyru fer fram í öllum sveitarfélögum. Seyran fer annað hvort til urðunar í Stekkjarvík eða á sérskilgreindu svæði fyrir seyru í landi Lindabergs norðan Hvammstanga.

Urðunarstaður er á svæðinu, í Stekkjarvík við Blönduós. Urðunarstaðurinn tekur ekki við lífrænum heimilisúrgangi, en tekur við seyru og sláturúrgangi.

Engin moltugerð er á svæðinu en lífrænn úrgangur frá Akrahreppi og Fjallabyggð fer til Moltu á Akureyri.

Garðaúrgangi er safnað saman og unnin molta úr honum á nokkrum stöðum á svæðinu.

Meðhöndlun á lífrænum úrgangi er að mestu í lagi en dæmi eru um að dýrahæ hafi verið urðuð heima á bæjum.

Norðurland eystra

Lífrænum heimilisúrgangi er safnað í eftirfarandi sveitarfélögum: Eyjafjarðarsveit, Dalvíkurbyggð, Akureyrarbæ, Norðurþingi, Svalbarðsstrandarhreppi, Grýtubakkahreppi, Tjörneshreppi. Til stendur að hefja flokkun á lífrænum heimilisúrgangi í Skútustaðahreppi á árinu 2016. Í Langanesbyggð er lífrænum úrgangi safnað sér en hann fer nú til urðunar en ekki endurnýtingar.

Hrægámar eru til staðar í eftirfarandi sveitarfélögum: Eyjafjarðarsveit 1 stk., Dalvíkurbyggð 3 stk., Norðurþing 1 stk. á móttökustöð sveitarfélagsins, Grýtubakkahreppur 1 stk. frystigámur á gámasvæði sveitarfélagsins, Hörgársveit 1 stk. Í Langanesbyggð er úrgangur frá heimaslátrun tekin frá bændum á haustin. Einnig eru hrægámar staðsettir í sveitarfélaginu.

Í Þingeyjarsveit er bændum beint til Akureyrar og Húsavíkur með hræ samkvæmt samningi milli þessara sveitarfélaga. Uppsetning hrægáma hefur verið rædd innan sveitarstjórnar. Í Tjörneshreppi er bændum beint til Húsavíkur og greiðir hreppurinn fyrir förgunina. Þó telja menn að lítill hluti hræja sé að skila sér í viðurkenndan farveg. Í Svalbarðsstrandarhreppi hefur verið tekin ákvörðun um uppsetningu hrægáma á vegum sveitarfélagsins og mun það koma til framkvæmdar í mars 2016. Í Skútustaðahreppi eru hrægámar ekki til staðar. Almennt telja forsvarsmenn úrgangsmála sveitarfélaganna að nýting hrægáma sé ekki eins og best verði á kosið, þ.e. að bændur séu að urða dýrahæ í einhverjum mæli í sínum löndum. Hrægámar eru tæmdir reglulega og innihald þeirra flutt í

Stekkjjarvík til urðunar. Frosin hræ úr frystigámi í Grýtubakkahreppi þarf að flytja í opinn gám til píðingar áður en þau eru flutt til urðunar á Sölvabakka.

Seyra er tæmd reglulega í öllum sveitarfélögum á svæðinu. Á svæði HNE eru 3 losunarstaðir fyrir seyru; á Möðruvöllum í Eyjafjarðarsveit, Á Húsabakka í Þingeyjarsveit og á Litlu-Strönd í Skútustaðahreppi.

Á svæði HNE er einn urðunarstaður fyrir lífrænan úrgang og er hann staðsettur við Kópasker í Norðurþingi. Urðunarstaðurinn tekur einungis við úrgangi frá Kópaskeri, Raufarhöfn og nálægu dreifbýli.

Ein moltugerð er á svæðinu; á Þveráreyrum í Eyjafjarðarsveit.

Dæmi um aðra endurnýtingu á lífrænum úrgangi er dreifing blóðvatns frá sláturhúsi Norðlenska á Húsavík til uppgræðslu á Hólasandi með samþykki Matvælastofnunar.

Varðandi ólöglega meðhöndlun lífræns úrgangs er grunur um urðun á dýrahraejum heima á bæjum þar sem almennt sé talið undarlegt hvað lítið af hraejum er að skila sér í réttan farveg, þ.e. í hraegáma sem komið hefur verið fyrir á völdum stöðum í sveitarfélaginu. Þá hafa komið upp vandamál vegna losunar á fiskúrgangi í sjó eða á tipp fyrir garðaúrgang.

Austurland

Á Austurlandi eru 9 sveitarfélög mismunandi að stærð. Þar eru 7 urðunarstaðir, þar af eru þrjár sem skilgreindir eru í afskekktri byggð og þjóna einungis einu sveitarfélagi/þéttbýliskjarna. Það eru urðunarstaðirnir á Brandsbölum í Borgarfirði sem þjónar Borgarfjarðahreppi, að Heydalamelum í Breiðdal, sem þjónar Breiðdalshreppi og urðunarstaður Vopnafjarðarhrepps að Búðaröxl. Á þessum stöðum er tekið við almennum heimilsúrgangi sem inniheldur lífrænan úrgang en lífrænum úrgangi er ekki safnað sér. Við Rima í Mjóafirði er staður sem eingöngu þjónaði fiskeldi sem var á staðnum. Ekki hefur verið urðað á staðnum síðastliðin ár.

Í Fjarðabyggð er einn urðunarstaður sem tekur við heimilis og rekstrarúrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu, ekki er sérstök söfnun á lífrænum úrgangi nema í álveri Alcoa við Reyðarfjörð. Úrgangur sem fellur til í Djúpavogshreppi er fargað á urðunarstaðnum í Lóni við Hornafjörð. Á Hornafirði er sérstök söfnun á lífrænum úrgangi en urðunarstaðurinn í Lóni við Hornafjörð tekur við slíkum úrgangi.

Að Tjarnarlandi á Fljótsdalshéraði er urðunarstaður sem þjónar bæði Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði. Í þéttbýlinu er sérstök söfnun á lífrænum úrgangi og fer lífræni úrgangurinn í moltugerð sem rekin er af íslenska gámafélaginu á Egilsstöðum. Alls var gerð molta úr um 167 tonnum af lífrænum úrgangi á árinu 2014. Þetta er eina moltugerðin á Austurlandi. Í dreifbýlinu jarðgerðartunnum verið dreift á alla bæi. Að Tjarnarlandi verður komið fyrir sérstöku urðunarhólfi fyrir

sláturúrgang en ekki er heimilt að urða almennan lífrænan heimilisúrgang á staðnum. Tjarnarland tekur við úrgangi frá Seyðisfirði og þar er verið að stefna að sérstakri söfnun á lífrænum úrgangi vegna móttökuskilyrða urðunarstaðarins.

Varðandi seyru þá er henni safnað sérstaklega í öllum 9 sveitarfélögum. Á Fljótsdalshéraði eru 4 geymslustaðir fyrir seyru sem hafa starfsleyfi frá HAUST, sama fyrirkomulag er í Fljótsdalshreppi og á Seyðisfirði. Seyrunni er safnað í opnar jarðvegsgryfjur og síðan nýtt til uppgræðslu eftir geymslu. Þá er geymslustaður fyrir seyru í skaftafelli en þar er hún einnig nýtt til uppgræðslu. Í öðrum sveitarfélögum er seyrunni fargað á þeim urðunarstöðum sem þjóna þeim, þ.e. að Brandsbölum í Borgarfirði, að Heydalamelum í Breiðdalshreppi, Þernunesi í Fjarðabyggð, að Búðaröxl í Vopnafirði og Lóni í Hornafirði.

Í 7 af 9 sveitarfélögum er engin sérstakur farvegur fyrir dýrahæ og sláturúrgang. Þó er bændum í Borgarfirði Eystri heimilt að koma með úrgang frá heimaslátrun á urðunarstaðinn að Brandsbölum. Sérstökum hrægámum hefur verið komið upp á völdum stöðum í Hornafirði.

Engin önnur endurnýting er til staðar á lífrænum úrgangi og ólögleg meðhöndlun ekki þekkt.

Suðurnes

Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar eiga og reka saman, sameignarfélag undir nafninu Sorpeyðingarstöð Suðurnesja s.f., Kalka. Félagið rekur sorpbrennslustöð Kölku. Lífrænn heimilisúrgangur er almennt ekki flokkaður frá öðrum heimilisúrgangi og ekki er boðið upp á möguleika á sérstakri söfnun hans af hálfu sveitarfélagana. Hægt er að fara með lífrænan úrgang beint til brennslu í Kölku. Ekki er vitað með vissu um heimaslátrun á Suðurnesjum og enginn sérstök söfnun fer fram á dýrahæjum og úrgangi frá heimaslátrun. Kalka tekur þó við dýrahæjum til förgunar.

Misjafnt er á milli sveitarfélaga hvort sérstök söfnun fari fram á seyru úr rotþróum. Grindavíkurbær lætur tæma rotþræur annað hvert ár í sveitarfélaginu en fyrirkomulag í öðrum sveitarfélögum er ekki þekkt. Reykjanesbær er með skólphreinsistöð þar sem seyru og fitu er safnað en sá úrgangur fer síðan í Kölku til brennslu og urðunarstaðinn á Álfsnesi.

Förgun úrgangs á svæðinu fer fram í sorpbrennslustöð Kölku. Á svæðinu eru 3 landmótunarsvæði þar sem hægt er að fara með óvirkan úrgang. Engin moltugerð er á svæðinu, tekið er við trjáafklippum og öðrum garðaúrgangi og hann nýttur til uppgræðslu og í garðvinnu sveitarfélaga.

Ólögleg meðferð á lífrænum úrgangi er ekki þekkt á svæðinu.

Vestfirðir

Engin söfnun er á lífrænum heimilsúrgangi né söfnun á dýrahræjum eða úrgangi frá heimaslátrun í sveitarfélögunum.

Söfnun á seyru er hjá 5 af 9 sveitafélögum á svæðinu. Seyru er safnað saman í Árneshrepp, Kaldranarneshrepp, Strandabyggð, Reykhólahrepp og Súðavík. Skeljavík urðunarstaður í Strandabyggð tekur á móti seyru frá Kaldranarneshrepp 15 þúsund tonn, Strandabyggð og Reykhólahreppi. Árneshreppur notar seyru til uppgræðslu á skógræktarsvæði í sveitarfélaginu fjarri byggð og vatnsbólum. Súðvíkingar setja sína seyru á megin útrás sveitafélagsins.

Rotþrær eru losaðar á öðrum svæðum og er úrgangi skilað í holræsakerfi viðkomandi sveitarfélags.

Eini urðunarstaðurinn á svæðinu er Skeljavík en hann er takmakaður við 3 sveitafélög Reykhólahrepp, Kaldranarneshrepp og Strandabyggð.

Engin moltugerð er á svæðinu. Tvær tilraunir hafa verið gerðar bæði á Tálknafirði og Hólmavík en hvorug tilraunin gekk upp.

Á svæðinu eru tveir staðir sem taka á móti lífrænum úrgang frá fiskvinnslu, annars vegar á Ísafirði og hins vegar á Tálknafirði. Ekki er önnur endurnýting á lífrænum úrgangi svo vitað sé.

Heilbrigðiseftirlitið hefur heldur ekki orðið vart við ólöglega meðhöndlun á lífrænum úrgangi á svæðinu.

Vesturland og Suðurland

Engar upplýsingar bárust frá þessum svæðum.

3. Umfjöllun

Niðurstöður gefa til kynna mismunandi áherslur milli svæða. Engin sérstök söfnun á lífrænum heimilisúrgangi er á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á Reykjanesi né á Vestfjörðum. Tvö sveitarfélög á Norðurlandi Vestra og stærstur hluti sveitarfélaga á Norðurlandi eystra hafa sérstaka söfnun á lífrænum úrgangi. Tvö stór sveitarfélög á Austurlandi, Fljótsdalshérað og Hornafjörður eru með sérstaka söfnun á lífrænum úrgangi en önnur ekki.

Á tveimur svæðum eru góð dæmi um söfnun dýrahæja og sláturúrgangs frá heimaslátrun, þ.e. á Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra. Þá hefur sveitarfélagið Hornafjörður á Austurlandi boðið upp á hrægáma á völdum stöðum sem bændur geta skilað í. Meðhöndlun dýrahæja og sláturúrgangs frá heimaslátrun virðist því vera að einhverju leyti ábótavant og þyrfti að gera úrbætur þar á. Þá er algengt að dýrahæ séu urðuð heima við bæi í stað þess að koma þeim í löglega meðhöndlun.

Engin vandamál virðast tengd meðhöndlun á seyru og er sérstök söfnun á henni í ágætis farvegi. Dæmi eru um að komið hafi verið upp geymslugámum og seyran síðan nýtt til áburðar s.s. eins og á Austurlandi. Þá eru dæmi um nýtingu seyru til uppgræðslu á Vestfjörðum.

Dæmi um endurnýtingu á lífrænum úrgangi er moltugerð sem er stunduð á nær öllum svæðum, og nýting til uppgræðslu sbr. seyra og blóðvatn. Þá eru dæmi um endurnýtingu fiskúrgangs á Vestfjörðum.

Almennt má segja að meðhöndlun lífræns úrgangs taki mið af þeim möguleikum sem eru til förgunar og endurnýtingar sem boðið er upp á, á viðkomandi svæði. Þannig er boðið upp á förgun á slíkum úrgangi hjá SORPU í Álfsnesi, hjá Kölku á Suðurnesjum og á minni urðunarstöðum um landið. Á Norðurlandi er stór moltugerð sem virðist hafa hvetjandi áhrif á sveitarfélög á svæðinu til að safna lífrænum úrgangi og endurnýta hann í moltu. Urðunarstaðurinn á Fljótsdalshéraði hefur takmarkað leyfi til að taka á móti lífrænum úrgangi og því fer fram sérstök söfnun hans fram í sveitarfélögum sem staðurinn þjónar.

Skv. 57. grein laga um meðhöndlun úrgangs skal lífrænn úrgangur meðhöndlaður með hliðsjón af markmiðum laganna og í samræmi við forgangsöröðun við meðhöndlun úrgangs. Þannig skal endurnýting ávallt koma fram en förgun úrgangs. Það sama á við um lífrænan úrgang.

Skv. landsáætlun um meðhöndlun úrgangs er stefnt að því að draga enn frekar úr urðun lífræns úrgangs á næstu árum. Sú stefna ætti að vera hvetjandi fyrir fleiri sveitarfélög að koma á sérstakri söfnun lífræns úrgangs og nýtingu hans í samræmi við markmið laga um meðhöndlun úrgangs.

4. Viðauki I: Löggjöf um lífrænan úrgang:

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003

Skilgreining á lífrænum úrgang: lífbrjótanlegur garðaúrgangur, matar- og eldhúsúrgangur frá heimilum, veitingastöðum, veislubjónustufyrirtækjum og smásölum og sambærilegur úrgangur frá vinnslustöðvum matvæla.

4. grein Stjórnvöld

Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Á varnarsvæðum fer ráðherra er fer með málefni varnarsvæða með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum. Heilbrigðisnefndir annast eftirlit með meðhöndlun á úrgangi, sbr. 9. gr., og eftirlit með atvinnurekstri sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir, sbr. 2. mgr. 14. gr. Umhverfisstofnun annast eftirlit með atvinnurekstri sem stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir, sbr. 2. mgr. 14. gr. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

8. grein Fyrirkomulag við söfnun og meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir.

Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heimilt er að samþykkt taki til tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sorphlata og sambærileg atriði. Um gerð og staðfestingu samþykktarinnar fer skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. grein Söfnun og meðhöndlun úrgangs.

Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar, annaðhvort beint til endurnýtingar eða í söfnunar- eða móttökustöð, og þaðan til endurnýtingar eða förgunar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga. Að því marki sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum eða reglugerðum á grundvelli þeirra skal beita bestu fánlegu tækni við meðhöndlun úrgangs, þar sem slíkt hefur verið skilgreint, til að draga úr álagi á umhverfið. Kveða skal á um slíkar kröfur í starfsleyfi fyrir viðkomandi rekstur.

Almennt skal við meðhöndlun úrgangs stuðlað að endurnotkun á vörum í samræmi við forgangs- röðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr., og með hliðsjón af markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., a

að eins miklu leyti og unnt er.

Óheimilt er að losa úrgang annars staðar en á móttökustöð eða í sorpílát, þ.m.t. grenndargáma. Opin brennsla úrgangs er óheimil. Þetta á þó ekki við um skipulagðar brennur, svo sem áramótabrennur, sem hefur verið veitt starfsleyfi fyrir samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. **Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að losa lífrænan úrgang í heimajarðgerð.** Við flutning og geymslu úrgangs skal handhafi úrgangs gæta þess að ekki hljótist af mengun eða annar skaði fyrir umhverfi.

57. grein

Lífrænn úrgangur.

Lífrænn úrgangur skal meðhöndlaður með hliðsjón af markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., og í samræmi við forgangsörðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr., að eins miklu leyti og unnt er, einkum með því að:

- a. nota hann í moltugerð og/eða gasvinnslu,
- b. vinna úr honum áburð, eða
- c. nota efni sem eru framleidd úr honum.

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á að markmiðum sem sett eru um lífrænan úrgang skv. 13. gr. sé náð á þeirra svæði.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um nýtingu og aðra meðhöndlun lífræns úrgangs, sbr. 43. gr.

Reglugerð nr. 737 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.:

Úr 9. grein

Í svæðisáætlunum sveitarfélaga skal gera grein fyrir leiðum til að ná þeim markmiðum að lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaða hafi, eigi síðar 1. júlí 2020, minnkað niður í 35% af heildarmagni þess lífræna heimilisúrgangs sem féll til árið 1995. Í svæðisáætlunum sveitarfélaga skal einnig gera grein fyrir leiðum til að ná þeim markmiðum að annar lífrænn úrgangur, svo sem lífrænn rekstrarúrgangur, sem berst til urðunarstaða hafi, eigi síðar 1. júlí 2020, minnkað niður í 35% af heildarmagni þess úrgangs sem féll til árið 1995.

Úr 10. grein

Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögum um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heimilt er að samþykkt taki til tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sorpílláta og sambærileg atriði.

5. Viðauki II: Dæmi um niðurstöður könnunarinnar

Hér að neðan má sjá töflur sem skilað var inn af viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæði. Þau svæði sem tóku þátt en ekki er að finna hér að neðan skiluðu einstökum svörum við einstakar spurningar.

Austurland

	Borgarfjörður	Djúpavogshreppur	Fljótsdalshérað	Hornafjörður	Breiðdalshreppur	Fjarðabyggð	Fljótsdalshreppur	Seyðisfjörður
1. Er lífrænum úrgangi safnað sérstaklega	Nei	Nei	Já, sér tinnur í þéttbýli, jarðgerðartunnur í dreifbýli	Já	Nei	Aðeins hjá Álverinu	Nei, en jarðgerðatunna er við heimilin	Nei, en stendur til að koma upp
2. Er sérstök söfnun á dýrahæjum	Nei, en hægt að losa úrgang frá heimaslátrun á urðunarstað á Brandsbölum	Nei	Nei	Já - boðið upp á hrægáma á völdum stöðum	Nei	Nei	Nei, en verið að skoða uppsetningu hrægáma í tengslum við heimaslátrun	Nei
3. Er sérstök söfnun á seyru úr rotþróum á svæðinu	Já, fargað á Brandsbölum	Já, fargað í Lóni	Já, 4 geymslustaðir með leyfi HAUST, nýtt til uppgræðslu	Já, fargað í Lóni. Geymslustaður með leyfi HAUST í skaftafelli	Já, fargað á Heydalamelum í Breiðdal	Já, fargað í Þernunesi	Já, geymslustaðir með leyfi HAUST, nýtt til uppgræðslu	Já, lögð í geymslugryfjur með starfsleyfi frá HAUST
4. Er urðunarstaður á svæðinu sem tekur við lífrænum úrgangi	Já, Brandsbalar	Já, Lón v/Hornafjörð	Já, Tjarnaland. Taka ekki almennan lífrænan úrgang en eru með rein fyrir dýrahæ	Já, Lón v/Hornafjörð	Já, Heydalamelar í Breiðdal	Já, Þernunes	Já, Tjarnaland. Taka ekki almennan lífrænan úrgang en eru með rein fyrir dýrahæ	Já, Tjarnaland. Taka ekki almennan lífrænan úrgang en eru með rein fyrir dýrahæ
5. Er moltugerð á svæðinu	Nei	nei	Já, 167 tonn árið 2014	nei	Nei	Nei	nei	Nei
6. Er önnur endurnýting fyrir lífrænan úrgang til staðar	Garðaúrgangi er safnað sér	Garðaúrgangi er safnað sér	Garðaúrgangi er safnað sér	Garðaúrgangi er safnað sér	Garðaúrgangi er safnað sér	Garðaúrgangi er safnað sér	Nei	Garðaúrgangi er safnað sér
7. Eru dæmi um ólöglega meðferð	Nei	nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei

Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður.

	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur
1. Er lífrænum heimilisúrgangi safnað sérstaklega	nei	nei	nei
2. Er sérstök söfnun á dýrahæjum og úrgangi frá heimaslátrun	nei	nei	nei
3. Er sérstök söfnun á seyru úr rotþróum á svæðinu?	nei	nei	nei
4. Er urðunarstaður á svæðinu sem tekur/taka við lífrænum úrgangi	nei	nei	nei
5. Er moltugerð á svæðinu	Já: Garðabær framleiðir moltu úr garðaúrgangi frá bæjarlandi (ekki frá bæjarbúum)	Já; Gámaþjónustan hefur heimild til allt að 4.000 tonn moltugerð á ári.	nei
6. Er önnur endurnýting fyrir lífrænan úrgang til staðar	nei	nei	nei
7. eru dæmi um ólöglega meðferð lífræns úrgangs (s.s. seyru, smitandi dýrahæ) sem þarf sérstaklega að skoða?	Ekki svo eftirliti sé kunnugt um.	Ekki svo eftirliti sé kunnugt um.	Ekki svo eftirliti sé kunnugt um.

Norðurland Vestra

Lífrænn úrgangur á Norðurlandi vestra	Húnaþing vestra	Húnavatnshreppur	Blönduós	Skagaströnd	Skagabyggð	Skagafjörður	Akrahreppur	Fjallabyggð
1 a Listið sorpsamlög með söfnun	Hringrás/ Sláturúrgangur	Sorþirða Vilhelms Harðarsonar	Sorþirða Vilhelms	Sorþirða Vilhelms Harðarsonar	Sorþirða Vilhelms	Gámaþjónusta ÓK, Flokka ehf	Gámaþjónusta ÓK, Flokka ehf	
2 Er sérstök söfnun á dýrahæjum og úrgangi frá heimaslátrun?	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Já	Nei
a Fyrirkomulag						Bændur láta vita um lífrænan úrgang og hann er sóttur á miðvikudögum	Bændur láta vita um lífrænan úrgang og hann er sóttur á miðvikudögum	
3 Er sérstök söfnun á seyru úr rotþróum á svæðinu?	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
a Hver er meðhöndlunin á því sem safnað er?	Urðað á skilgreindu svæðið fyrir seyru, í landi Lindarbergs norðan Hvammstanga	Urðað í Stekkjavík	Urðað í Stekkjavík	Urðað í Stekkjavík	Urðað í Stekkjavík	Urðað í Stekkjavík	Urðað í Stekkjavík	Urðað á Akureyri
4 Er urðunarstaður á svæðinu sem tekur við lífrænum úrgangi	Já/ ekki lífrænum heimilisúrgangur	Já/ ekki lífrænum heimilisúrgangur	Já/ ekki lífrænum heimilisúrgangur	Já/ ekki lífrænum heimilisúrgangur	Já/ ekki lífrænum heimilisúrgangur	Já/ ekki lífrænum heimilisúrgangur	Já/ ekki lífrænum heimilisúrgangur	?
a Staðir	Stekkvíki	Stekkvíki	Stekkvíki	Stekkvíki	Stekkvíki	Stekkvíki	Stekkvíki	Stekkvíki
b Umfang	Er þekkt frá sláturhúsum	Ekki þekkt	Er þekkt frá sláturhúsum	Ekki þekkt	Ekki þekkt	Er þekkt frá sláturhúsum	Ekki þekkt	Er ekki þekkt
5 Er moltugerð á svæðinu?	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Já en er ekki starfræktur	Akureyri	Akureyri
a Staðir							?	?
b Umfang								
6 Er önnur endurnýting fyrir lífrænan úrgang til staðar	Garðaúrgangur hjá Hirðu	Nei	Garðaúrgangur á Gámaplani	Garðaúrgangstippur	Nei	Garðaúrgangur hjá Flokku	Nei	Garðaúrgangstippur
a Staðir	Gömul náma ofan Hvammstanga		Framan við Draugagil	Austan Skagastrandar		Á mönum nyrst á Sauðárkróki		Sunnan við bæinn
b Umfang	Fyrir þéttbýlið		Fyrir þéttbýlið	Fyrir þéttbýlið		Fyrir þéttbýlið		Fyrir þéttbýlið
7 eru dæmi um ólöglega meðferð lífræns úrgangs	Dýrahæ urðuð heima á bæjum	Dýrahæ urðuð heima á bæjum	Nei	Dýrahæ urðuð heima á bæjum	Dýrahæ urðuð heima á bæjum	Dýrahæ urðuð heima á bæjum	Dýrahæ urðuð heima á bæjum	Dýrahæ urðuð heima á bæjum
a Seyra	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
b Smitandi dýrahæ	Þau eru ekki tekin sérstaklega	Þau eru ekki tekin sérstaklega	Þau eru ekki tekin sérstaklega	Þau eru ekki tekin sérstaklega	Þau eru ekki tekin sérstaklega	Þau eru ekki tekin sérstaklega	Þau eru ekki tekin sérstaklega	Þau eru ekki tekin sérstaklega